

Framkvæmdasýsla ríkisins

09 901

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Framkvæmdasýsla ríkisins
kt. 510391-2259
Borgartúni 7, 150 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Framkvæmdasýsla ríkisins er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérлага. Stofnunin er leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins.

Framkvæmdasýslu ríkisins var falin verkefni Ríkiseigna frá og með 15. september 2021.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 5 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 883,6 milljónir og afkoma kr. -33,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 27,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 5.634,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Framkvæmdasýslu ríkisins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Guðrún Ingvarsdóttir
forstöðumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Seld þjónusta		743.182.847	678.874.814
Framlög og ýmsar tekjur	2	<u>140.441.753</u>	<u>5.400.000</u>
Tekjur samtals		883.624.600	684.274.814
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	745.527.099	518.388.655
Annar rekstrarkostnaður	4	166.652.758	147.926.724
Afskriftir		<u>5.228.346</u>	<u>4.364.631</u>
Gjöld samtals		917.408.203	670.680.010
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(33.783.603)	13.594.804
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		8.163	124.522
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	5	<u>(44.019)</u>	<u>(444.979)</u>
		(35.856)	(320.457)
Afkoma ársins		<u>(33.819.459)</u>	<u>13.274.347</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður		19.119.422	23.968.849
Fastafjármunir samtals		<u>19.119.422</u>	<u>23.968.849</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	7	36.528.478	24.182.073
Tengdir aðilar	8	718.907.350	343.052.282
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		29.322.624	33.741.988
Handbært fé		4.830.583.082	1.924.658.350
Veltufjármunir samtals		<u>5.615.341.534</u>	<u>2.325.634.693</u>
Eignir samtals		<u>5.634.460.956</u>	<u>2.349.603.542</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	9		
Hrein eign		27.321.576	61.141.035
Eigið fé samtals		<u>27.321.576</u>	<u>61.141.035</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	4.933.047.126	1.795.438.044
Viðskiptaskuldir	10	577.294.203	442.085.852
Ýmsar skammtímaskuldir	11	96.798.051	50.938.611
Skuldir samtals		<u>5.607.139.380</u>	<u>2.288.462.507</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>5.634.460.956</u>	<u>2.349.603.542</u>
Aðrar upplýsingar	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(33.819.459)	13.274.347
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		5.228.346	4.364.631
		<u>(28.591.113)</u>	<u>17.638.978</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(7.927.041)	(5.037.629)
Tengdir aðilar		2.761.375.095	1.103.789.697
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		181.067.791	249.316.864
		<u>2.934.515.845</u>	<u>1.348.068.932</u>
		<u>2.905.924.732</u>	<u>1.365.707.910</u>
	Handbært fé frá rekstri		
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	(378.919)	(12.576.093)
		<u>(378.919)</u>	<u>(12.576.093)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		378.919	12.576.093
		<u>378.919</u>	<u>12.576.093</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		2.905.924.732	1.365.707.910
Handbært fé í byrjun árs		1.924.658.350	558.950.440
		<u>4.830.583.082</u>	<u>1.924.658.350</u>
	Handbært fé í árslok		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Framlög og ýmsar tekjur		
Kostnaðarhlutdeild	140.441.753	0
Ýmsar tekjur	0	5.400.000
	<u>140.441.753</u>	<u>5.400.000</u>
3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	592.320.034	401.854.468
Orlof, breyting	13.314.742	18.693.001
Launatengd gjöld	132.558.897	91.134.430
Starfsmannakostnaður	7.333.426	6.706.756
	<u>745.527.099</u>	<u>518.388.655</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	38,3	32,7
4 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	2.007.474	1.290.952
Ýmis tæki og áhöld	1.688.308	2.988.217
Varahlutir og viðhaldsvörur	1.350	16.977
Orkugjafar	217.181	286.900
Matvæli	2.810.652	1.929.258
Almennar rekstrarvörur	568.345	574.745
Vörukaup, almenn	<u>7.293.310</u>	<u>7.087.049</u>
Fundir, námskeið, risna	7.067.239	4.300.135
Ferðir, uppihald	4.089.720	1.726.231
Akstur	7.671.906	6.170.647
Sérfræðiþjónusta	84.075.138	81.754.134
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	202.688	136.545
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	2.799.269	5.653.692
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	552.054	931.368
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>106.458.014</u>	<u>100.672.752</u>
Afnotagjöld	29.044.026	20.187.736
Leigugjöld	14.888.898	13.961.674
Notkun véla og flutningatækja	34.580	167.270
Verkkaup	2.133.759	1.962.226
Kostnaðarhlutdeild	6.948.560	3.814.017
Tilfærslur	20.000	74.000
Tapaðar kröfur	(168.389)	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>52.901.434</u>	<u>40.166.923</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>166.652.758</u>	<u>147.926.724</u>
5 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	13.790	11.040
Gengistap, verðbreytingar	30.229	433.939
	<u>44.019</u>	<u>444.979</u>

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

6 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	19.119.422	23.968.849
	<u>19.119.422</u>	<u>23.968.849</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	46.020.925	85.905	46.106.830
Viðbætur á árinu	378.919	0	378.919
	<u>46.399.844</u>	<u>85.905</u>	<u>46.485.749</u>
Afskriftir 01.01.2021	22.052.076	85.905	22.137.981
Afskrift ársins	5.228.346	0	5.228.346
	<u>27.280.422</u>	<u>85.905</u>	<u>27.366.327</u>
Staða 31.12.2021	<u>19.119.422</u>	<u>0</u>	<u>19.119.422</u>

31.12.2021 31.12.2020

7 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur	36.528.478	24.182.073
	<u>36.528.478</u>	<u>24.182.073</u>
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum	26.524.931	11.080.213
Viðskiptakröfur í erlendri mynt	10.003.547	13.101.860
	<u>36.528.478</u>	<u>24.182.073</u>

8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	725.907.350	350.052.282
- Niðurfærsla vegna tapáhættu	(7.000.000)	(7.000.000)
	<u>718.907.350</u>	<u>343.052.282</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	2.608.373.176	49.688.808
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	2.324.673.950	1.745.749.236
	<u>4.933.047.126</u>	<u>1.795.438.044</u>

Skýringar

9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	61.141.035	47.866.688
Afkoma ársins	(33.819.459)	13.274.347
Jöfnuður 31.12.	<u>27.321.576</u>	<u>61.141.035</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2021	31.12.2020
10 Viðskiptaskuldir		
Viðskiptaskuldir	<u>577.294.203</u>	<u>442.085.852</u>
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum	574.439.488	440.879.771
Viðskiptaskuldir í erlendri mynt	<u>2.854.715</u>	<u>1.206.081</u>
	<u>577.294.203</u>	<u>442.085.852</u>

11 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	95.419.479	48.960.321
Fyrirframmheimtar tekjur	<u>1.378.572</u>	<u>1.978.290</u>
	<u>96.798.051</u>	<u>50.938.611</u>

12 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa, ótímabundna þjónustusamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 40,1 milljónum, vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 9,9 milljónum, vegna þjónustusamninga kr. 22,7 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.